

**Alþingi****Erindi nr. Þ 135/2686****komudagur 14. 5. 2008**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn Skipta hf. um frumvarp til laga um fjarskipti, 523. mál EES-reglur.****1.0. Tilvísun**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 29. apríl sl., þar sem Símanum hf. og Mílu ehf. er gefið færi á að gera athugasemdir við frumvarp til laga um fjarskipti, 523. mál, hér eftir nefnt frumvarpið. Skipti hf. er móðufélag beggja félaganna og er umsögn send í nafni þess félags.

Eftirfarandi eru athugasemdir Skipta hf. við frumvarpið.

**2.0. Athugasemdir við frumvarpið****2.1. Athugasemdir við 2. gr.**

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til nýmæli 2. mgr. 27. gr. fjarskiptalaga. Í skýringum í greinargerð er ákvæðinu sagt ætlað að innleiða 17. gr. alþjónustutílskipunar ESB nr. 2002/22/EB með fullnægjandi hætti.

Í frumvarpi framkvæmdastjórnar ESB til breytinga á tilskipunum ESB um fjarskipti, sem eru til umfjöllunar á Evrópuþinginu, eru lagðar til breytingar á ákvæði 17. gr. alþjónustutílskipunarinnar. Þar er lagt til að vísun b. liðar 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar til 19. gr. hennar um forval og fast forval falli brott. Þá er lagt til að ákvæði 19. gr. tilskipunarinnar um forval og fast forval falli úr gildi. Að því gefnu að lagafrumvarp framkvæmdastjórnarinnar verði samþykkt er ljóst að ósamræmi mun þá verða á milli fjarskiptalaga og tilskipunar ESB um alþjónustu. Myndu fjarskiptalögin þá ganga lengra en tilskipunin og því ekki standast að lögum. Er því lagt til að frumvarpstextanum verði að lágmarki breytt að þessu leyti.

Verði talið rétt að halda ákvæði 2. gr. frumvarpsins til streitu að öðru leyti telja Skipti hf. nauðsynlegt að innleiða önnur fyrirmæli ákvæðis 17. gr. alþjónustutílskipunarinnar í landsrétt til að samræmi náist.

Er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að einungis verði heimilt að leggja á smásöluþjónu ef reynslan hefur sýnt að álagning heildsöluþjónu dugar ekki. Það er yfirlýst stefna ESB og EFTA að fjarskiptaeftirlit eigi fyrst og fremst að miða við álagningu þjónu á heildsöluþjónu. Í undantekningartilvikum, þegar heildsöluþjónu duga ekki, getur verið réttlætanlegt að leggja á kvaðir á smásöluþjónu. Reynslan af eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar hefur sýnt að stofnunin gengur að jafnaði eins langt og mögulegt er í því að beita þeim heimildum sem hún hefur til að leggja kvaðir á dótturfélög Skipta hf. Er því lagt til að orðalag ákvæðisins verði með þeim hætti að einungis sé heimilt að leggja á smásöluþjónu þegar ákveðinn tími hefur liðið frá álagningu heildsöluþjónu og sýnt þykir að heildsöluþjónu hafa ekki leyst hin samkeppnislegu vandamál eins og að var stefnt.

Skipti hf. leggja jafnframt áherslu á ákvæði 1. málsliðar 2. mgr. 17. gr. alþjónustutilskipunar um að smásöluþvæðir skuli einungis lagðar á til að leysa fyrirfram skilgreint samkeppnisvandamál, meðalhófs skuli gætt og samræmast markmiðum í 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Það ákvæði innleiðir 8. gr. rammatilskipunar nr. 21/2002/EB sem vísað er til í 1. mgr. 17. gr. alþjónustutilskipunar í landsrétt.

Loks telja Skipti hf. nauðsynlegt að ákvæði 5. mgr. 17. gr. alþjónustutilskipunarinnar verði einnig tekin upp í fjarskiptalögum. En samkvæmt því kemur smásöluþvæðingunni ekki til greina ef samkeppni er virk á afmörkuðum landfræðilegum markaði eða ákveðnum notendamarkaði.

Með vísan til framangreinds gæti 2. gr. frumvarpsins hljóðað svona:

*„Nú hefur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á heildsöluþvæðinguna í kjölfar markaðsgreiningar en álagning þeirra þvæðinga hefur ekki leyst þau samkeppnislegu vandamál sem þeim var ætlað og er stofnuninni þá heimilt að lokinni nýrri markaðsgreiningu að leggja smásöluþvæðinguna á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á skilgreindum smásöluþvæðingum.“*

*Álagning smásöluþvæðinga skv. 2. mgr. skal miða að því að leysa fyrirfram skilgreint samkeppnisvandamál, meðalhófs skal gætt og þvæðingur skulu samræmast markmiðum 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Slíkar þvæðingar geta m.a. falist í að leggja skyldur á fyrirtæki um þak á smásöluþvæðingunni, kostnaðartengda gjaldskrá og kostnaðarbókhalð, að verð miðist við verð á sambærilegum mörkuðum, banni mismununar milli notenda og banni við að binda mismunandi tegundir fjarskiptaþjónustu í einn heildarpakka skaði það samkeppni.*

*Ekki skal leggja á smásöluþvæðinguna ef samkeppni er virk á afmörkuðum landfræðilegum markaði eða skilgreindum notendamarkaði.“*

## **2.2. Athugasemdir við 3. gr.**

*Reikiákvæði 35. gr. gildandi fjarskiptalaga*

Með frumvarpinu er áformað að afnema 35. gr. um reikisamninga. Skipti hf. telja það skjóta skökku við að nú þegar annað fjarskiptaþvæðinguna en Síminn hf. hefur ráðist í uppbyggingu farsímanets utan mesta þéttbýlis skuli ákveðið að afnema 35. gr. laganna. Gangi þær fyrirætlanir eftir geta önnur fjarskiptaþvæðinguna óskað eftir ótakmörkuðum aðgangi að farsímaneti Símans hf. en Síminn hf. ekki hafa nein úrræði til að fá aðgang að farsímanetum keppinauta. Skipti hf. telja slíkt samkeppnisumhverfi ekki geta talist eðlilegt. Meginröksemdin í frumvarpinu er sú að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi gert athugasemd við ákvæðið. Ekki var þó um að ræða endanlega afstöðu stofnunarinnar auk þess sem athugasemd ESA snéri fyrst og fremst að 4. mgr. 35. gr. laganna. Lagabreyting á þeim grunni byggir því ekki á traustum lagarökum. Skipti hf. leggja þá gegn áformum um að afnema 35. gr. fjarskiptalaga en getur fallist á að 4. mgr. 35. gr. verði felld úr gildi.

Verði ákveðið að fella ákvæðið úr gildi er gerð sú lágmarkskrafa að kveðið verði á um gagnkvæmni í reikisamningum þannig að þau farsímaþvæðinguna sem óska eftir reiki hjá fjarskiptaþvæðingunni útnefndu með umtalsverðan markaðsstyrk skuli verða beiðnum þess fyrirtækis um aðgang að reiki í sínu neti.

*Reglugerð ESB um Evrópuþvæðinguna fyrir reikisímtöl*

Skipti hf. gera ekki athugasemd við fyrirætlanir um að innleiða reikireglugerð ESB nr. 717/2007 í landsrétt en leggur áherslu á að tekið verði tillit til hinna sérstöku aðstæðna á Íslandi sem er að rekja til óstöðugs gjaldmiðils.

Um sl. áramót ákváðu Skipti hf. að bjóða Evrópuverð fyrir reikisímtöl á EES-svæðinu. Var verðlagning í samræmi við reikireglugerð ESB þrátt fyrir að formleg innleiðing hefði ekki átt sér stað í landsrétt. Skilaði verðákvörðun Skipta hf. töluverðri lækkun á reikisímtölum til neytenda. Eins og aðstæður á gjaldeyrismörkuðum undanfarið hafa sýnt er stöðugleiki íslensku krónunnar afar lítill og hefur lækkun á gengi krónunnar eytt þeirri framlegð sem var til staðar af reikisímtölum. Jaðrar framlegð nú við að vera neikvæð. Í ljósi þess leggja Skipti hf. til að tekið verði tillit til hinna sérstöku aðstæðna á Íslandi þar sem Ísland öfugt við flest önnur ríki á EES-svæðinu er ekki með gjaldmiðil sinn tengdan sveiflum á gengi Evru. Til að leysa þetta er lagt til að fjarskiptafyrirtækjum verði heimilað að gera reikisímtöl á EES-svæðinu upp í erlendri mynt. Væri það sambærileg uppgjörsléið og greiðslukortafyrirtæki fara við uppgjör á erlendri notkun sem er gert á því gengi sem um ræðir þegar notkun greiðslukorts á sér stað. Með hliðsjón af þessu er lagt til að fjarskiptafyrirtækjum verði heimilað að gera upp viðskipti vegna reikisímtala í erlendri mynt.

Nýtt ákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins gæti þá hljóðað svona:

*„Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að gera upp viðskipti vegna reikiþjónustu þar sem símtal á upphaf eða lúkningu utan Íslands í erlendri mynt samkvæmt skráningu gengis á þeim tíma er reikningur vegna reikiþjónustu er gefinn út.“*


### **2.3. Athugasemdir við 4. og 5. gr. og 7. – 9. gr. frumvarpsins**

Ákvæði frumvarpsins í 4. og 5. gr. og 7. – 9. gr. kveða öll á um að í stað þess að einungis sé fjallað um talsímaþjónustu taki þau einnig til farsímaþjónustu og veiti viðskiptavinum í farsímaþjónustu aukin réttindi gagnvart fjarskiptafyrirtækjum. Ákvæðin eru öll því marki brennd að í ákvæðum þeirra tilskipana sem þau sækja heimild sína til er einungis fjallað um almenna talsímaþjónustu eða alþjónustu. Þannig sækir 37. gr. fjarskiptalaga sem 4. gr. frumvarpsins er ætlað að breyta stoð í 20. gr. alþjónustutilskipunarinnar sem einungis fjallar um almenn talsímanet. Ákvæði 38. gr. fjarskiptalaga sækir stoð í 10. gr. alþjónustutilskipunarinnar sem fjallar einungis um réttarstöðuna sem snýr að veitingu alþjónustu. Ákvæði 8. gr. frumvarpsins sækir stoð sína í 8. gr. persónuverndartilskipunar nr. 58/2002/EB og ákvæði 9. gr. sækir stoð í 23. gr. alþjónustutilskipunar sem fjallar einnig einungis um almenna talsímanetið. Skipti hf. telja því ljóst að sú útvíkkun á gildandi lagaákvæðum sem lögð er til gangi lengra en heimilt er skv. tilskipunum ESB um fjarskipti og séu því í ósamræmi við skuldbindingar skv. EES-samningnum. Skipti hf. leggja gegn þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í ákvæðum 4. og 5. gr. og 7. – 9. gr. frumvarpsins.

### **3.0. Samráð**

Skipti hf. lýsa sig reiðubúinn að skýra afstöðu félagsins til frumvarps til laga um fjarskipti, 523. mál, á fundi hjá samgöngunefnd verði þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skipta hf.,



Hallmundur Albertsson, hdl.